

10.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 27.nóvember 2024 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði og hefst kl. 14:00.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði er í fjarfundi, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum1, Sólveig Rögnvaldsdóttir 1.varamaður Melum 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpvavík. Delphine Briois er fjarverandi.

Oddviti óskar að taka aukalega fyrir tvö mál sem ekki fóru inn á fundarboð, var það samþykkt og verða þau mál tekin fyrir í lok fundar með málnúmer 8 og 9.

Dagskrá fundarins;

1. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2024 vegna hækkunar á kostnaði hjá Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.
2. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2025 til 2028.
3. Setja inn helstu tölur varðandi kostnað af framkvæmdum o.fl. Fyrri umræða.
4. Fundargerð fundar byggingar- og skipulagsnefndar og skipulagsfulltrúa frá 19.nóvember s.l. tekin til umræðu og afgreiðslu.
5. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024 til 2035. Hreppsnefnd tekur fyrirbyggjandi svæðisáætlun til efnislegrar umræðu.
6. Tölvupóstur frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga varðandi skipan áheymnarfulltrúa í stjórn sambandsins.
7. Kræklingarækt á Vestfjörðum. Oddviti fer yfir málið.
8. Bréf frá Þjóðskjalasafni Íslands varðandi varðveislu rafrænna gagna.

1. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2024 vegna hækkunar á kostnaði hjá Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps. Í viðauka 2 er bætt framlögum til FSR og einnig hækkaðar tölur vegna framlaga til Ísafjarðar vegna málefni fatlaðra. Gert hafði verið ráð fyrir tæplega 1,9 millj. í framlög til FSR en þau enda í rúml. 3,0 millj.kr. á árinu. Skv. upphaflegri áætlun var málaflökkur 02 með kostnað upp á rúmar 2,3 millj. kr. en hann fer í þessum viðauka upp í tæpar 3,8 millj.kr. Viðaukinn er upp á 1.450 þús kr. Brugðist verður við með lökkun á handbæru fé.

2. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2025 til 2028, fyrri umræða. Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkir að hafa álagningu fasteignaskatta ársins 2024 óbreytta;

A-flokkur 0,625% af fasteignamati samkvæmt skv. 3.gr.laga um tekjustofna sveitarfélaga

B-flokkur 1,32% af fasteignamati skv. 3.gr.laga um tekjustofna sveitarfélaga

C-flokkur 1,65% af fasteignamati skv. 3.gr.laga um tekjustofna sveitarfélaga

Halldóra frá Kpmg ehf fór yfir ársreikningana, tekjur og gjöld, stöðu ljósleiðara og horfur á

verklokum við hann. Uppgjöri vegna sérverkefnisins við Norðurfjarðarhöfn er lokið. Hreppsnefnd óskaði eftir að fá upplýsingar um kostnað á verkstjórn við Ljósleiðara Árneshrepps og mun okkur verða sendur listi yfir þau útgjöld. Þar með lauk fyrri umræðu um fjárhagsáætlun 2024 – 2028 og henni vísað til síðari umræðu.

1. Fundargerð fundar byggingar- og skipulagsnefndar og skipulagsfulltrúa frá 19.nóvember s.l. tekin til umræðu og afgreiðslu. Hreppsnefnd fór yfir málið og var fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar samþykkt einróma.
2. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024 til 2035. Hreppsnefnd tekur fyrirbyggjandi svæðisáætlun til efnislegrar umræðu. Hreppsnefnd ræddi málið og munum kynna okkur það betur. Fyrir liggur svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024 – 2035 en samkvæmt 6.gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum, ska

328.

1. sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, “semja og staðfest svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir”. Sveitarstjórn samþykkir svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024-2035, en áskiljum okkur rétt til endurskoðunar á málum ef ástæður gefa tilefni til.
2. Tölvupóstur frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga varðandi skipan áheyrnarfulltrúa í stjórn sambandsins. Arinbjörn Bernharðsson varaoddviti verður áheyrnarfulltrúi Árneshrepps, og tilkynnist það hér með.
3. Kræklingarækt á Vestfjörðum. Oddviti sagði frá málinu og hreppsnefnd styður gjarnan við viðleitni til aukinnar atvinnustarfssemi.
4. Bréf frá Þjóðskjalasafni Íslands varðandi varðveislu rafrænna gagna. Bréfið var lagt fram til kynningar og umræðu.
5. Bréf frá Hlyni Stefánssonar varðandi aðkomu að rannsóknarverkefni um orkuskipti. Hreppsnefnd ræddi málið og ákvað að vera með í þessu verkefni.
6. Tölvupóstur varðandi flug Norðlandair á Gjögur. Ákveðið var að flug yrði tvisvar í viku frá 1.mai til 30.september ár hvert. Í júní verður flogið á föstudögum og í júlí og ágúst á mánudögum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30.